

Sp.

## 62. Tillaga til þingsályktunar

[38. mál]

um vegagerð úr steinsteypu.

Flm.: Ingólfur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela vegamálaráðherra að láta fram fara rannsókn á því, hvort fært þyki að hefja á næstkomandi sumri vegagerð úr steinsteypu með því að fá sement frá Sementsverksmiðju ríkisins á niðursettu verði.

### Greinargerð.

Það er kunnugt, að viðhald malarveganna á Íslandi er mjög kostnaðarsamt. Margir aðalvegir eru þannig nú, að þeir eru sokknir og þola illa mikla umferð og þungar flutningabifreiðar. Margi vegi verður því að leggja að nýju, og kemur þá til athugunar, hvort mögulegt sé að gera á þá slitlag úr varanlegu efni. Meðal þeirra vega, sem liggur fyrir að byggja að nýju og enga bið þolir, er vegurinn um Ölfus, Flóa og Holt, en umferðin á þessari leið með þungar bifreiðar mun vera sú mesta, sem gerist hér á landi.

Sementsverksmiðja ríkisins mun framleiða, eftir því sem framkvæmdastjóri, Jón Vestdal, upplýsir, um 110 þús. tonn af sementi árlega. Árleg notkun í landinu til venjulegra framkvæmda mun vera um 80 þús. tonn. Má því gera ráð fyrir, að framleiðsla sementsverksmiðjunnar umfram venjulega notkun innanlands fyrst um sinn verði um 30 þús. tonn árlega, eða rúmlega fjórði hluti framleiðslunnar. Erfitt mun vera að finna markað erlendis fyrir sementið. Flestar þjóðir framleiða sement og eru því ekki kaupendur að innfluttu sementi. Geti sementsverksmiðjan ekki útvegað markað fyrir það sement, sem er umfram það, sem þarf til venjulegra framkvæmda í landinu, liggur ekki annað fyrir en stöðva verksmiðjuna þrjá mánuði á ári. Það mun leiða til þess, að sementsverðið hækkar, þar sem fastur kostnaður verksmiðjunnar er mikill hluti af rekstrarkostnaðinum. Vaxtagreiðslur eru hinar sömu, hvort sem verksmiðjan er stöðvuð eða í gangi. Kaupgreiðslur til starfsfólks hljóta einnig að verða miklar þann tíma, sem verksmiðjan væri ekki starfandi, þar sem varhuga-vert væri að segja upp starfsfólki, sem kann orðið vel til verka við fyrirtækið, en ráða síðan óvant fólk, þegar fyrirtækið tæki til starfa á ný. Á það má einnig benda, að við fyrirtæki sem þetta eru margir fagmenn, sem ómögulegt væri að segja upp starfi, þótt verksmiðjan væri stöðvuð í bili.

Það er nauðsynlegt að finna grundvöll fyrir því, að verksmiðjan geti starfað allt árið með fullum afköstum. Þótt umframframleiðslan væri seld á lágu verði til vegagerðar, væri það sýnilegur hagur fyrir verksmiðjuna og þjóðarheildina, miðað við það, að verksmiðjan gæti ekki starfað fjórða hluta ársins. Verðlag á sementi frá Sementsverksmiðju ríkisins mun vera nokkru lægra en innflutt sement mundi kosta. Sementsnotendur í landinu hafa þess vegna ekki ástæðu til þess að kvarta, þótt hluti af sementsframleiðslunni væri seldur með niðursettu verði til vegagerðar.

Það hlýtur að vera framtíðaráform Íslendinga að gera helztu þjóðvegina úr varanlegu efni og lækka á þann hátt viðhaldskostnað veganna. Með því er mögulegt að nota burðarmeiri bifreiðar og gera flutningana ódýrari en verið hefur. Ending ökutækjanna mun einnig verða mun betri og minni gjaldeyrir fara til endurnýjunar. Þá mun brennsluefnið nýtast á annan og betri hátt en áður. Augljóst er, að með því að gera steinsteypt slitlag á þá vegi, þar sem umferð er mest, eru gerðar raunhæfar ráðstafanir til þess að draga úr gjaldeyriseyðslu og kostnaði ríkissjóðs við viðhald veganna. Sementsverksmiðjan er eign ríkisins, og er þess vegna auðveld ráðstöfun sú, sem hér er um rætt, að hafa annað og lægra verð á því sementi, sem notað er til vegagerðar, en því, sem fer til venjulegra framkvæmda og selt er einstaklingum og verzlunum. Tillaga þessi er flutt til þess, að stjórn vegamála taki þetta mál til skjótrar athugunar og hefji, ef fært þykir, framkvæmdir við endurlagningu þjóðvega með slitlagi úr steinsteypu, en það virðist vera hagkvæmt, þegar nægilegt sement er fyrir hendi á vægu verði.